

Norðurá bs.
Skagfirðingabraut 17
550Sauðárkrókur

Akureyri, 15. desember 2020
UST202003-032/S.K.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 13.11.2020 hjá Norðurá bs., Stekkjarvík.

Þann 13. nóvember fór fram eftirlit í urðunarstað Norðurá bs. í Stekkjarvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili hefur unnið eftir samþykktri úrbótaáætlun vegna eldra fráviks en tímafrestitir í þeirri áætlun eru liðnir. **Óskað er eftir uppfærðri tímasettri áætlun.**

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik komu fram er varðar:

1. Gr. 5.2. í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skv. gr. 5.2 í starfsleyfi framkvæma mælingar, til að vakta samsetningu sigvatns, fyrir 1. maí og 1. október ár hvert. Fyrri mælingar á samsetningu sigvatns voru ekki framkvæmdar árið 2020.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. janúar 2021.

Virðingarfyllst

Steinunn Karlsdóttir
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur